

Og börnunum þótti fyrir. Og sólargeislanum þótti fyrir. Og fuglunum litlu þótti fyrir. Öll voru þau með tárin í augunum og sögðu:

„Ó, heimiska trúð!“

Kristileg hefnd.

Sagan, sem hér fer á eftir, gerðist ekki alls fyrir löngu í bæ einum á Frakklandi. Hetjan í sögunni var meðlimur „Kristilegs félags ungra manna“.

Ungur maður nokkur er staddur inni í búð og er að tala við vin sinn. Á meðan stelur maður, sem gengur fram hjá, hjólinu hans, er hann hafði skilið eftir úti á gangstéttinni. Hann verður var við þjófnadinn og sér, í hvaða átt þjófurinn stefnir; fær til láns hjól, og flýtir sér á stað á eftir honum. Sjö mílur fyrir utan bænn nær hann þjófnum og kallað: „Stans!“ Hinn stansar og býst við að fá sín makleg málagjöld. En í stað þess, talar hinn ungi maður hlýlega og bróðurlega til hans og segir: „Eg skal ekki segja lögreglunni til yðar. Komið með mér. Eg dæmi yður til að borða kveldverð með mér. Því næst fer eg með yður á fund til ungra manna. Þar fáið þér að heyra citthvað gott. Og úr því þér eruð frá Montpellier, skal eg á eftir borga ferðina yðar, svo að þér getið komist heim.“

Petta verður svo. Í fleiri klukkustundir fær hin ungi maður okkar tækifæri til þess að tala um gleðiboðskapinn við vesalings þjófnum, sem sagði frá því, að illur félagsskapur hefði gert sig svona ljótan. Hann sagði líka frá því, að hann ætti góða foreldra. Og eftir fundinn ásetti hann sér eins og týndi sonurinn, að fara heim aftur til peirra.

Ur Menighedsbladet i Kristjaníu.

Gott svar.

Saga er sögð af kafteini nokkrum, er eitt sinn kom við á Sandwich-eyjunum eftir að kristindómurinn hafði náð þar talsverðri fótfestu. Kafteinninn kyntist konunginum, og í samtali við hann dró hann engar dulur á vantrú sína. Hann staðhæfði, að allir trúboðar væru hræsnarar og að kristindómurinn gerði engum gagn.

Konungurinn hlustaði á kafteininn með þolinmæði; en þegar hann hafði lokið máli sínu, sagði konungurinn við hann alt í einu: „Kafteinn, sérðu, að skuggi þinn fellur á mig?“